

Nd. **7. Frumvarp til laga** [7. mál]
um almenningsbókasöfn.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi, 1975.)

1. gr.

Almenningsbókasöfn skulu starfa í öllum byggðum landsins til sjávar og sveita. Almenningsbókasöfn eru mennta-, upplýsinga- og tómstundastofnanir fyrir **almennig**. Þau skulu gefa fólki sem bestan kost á að lesa og færa sér í nyt **bækur** og veita afnot af nýsigögnum, svo sem hljómplötum, segulböndum og öðrum miðlunargögnum til fræðslu og dægradvalar.

2. gr.

Almenningsbókasöfn eru:
Bæjarbókasöfn (borgarbókasöfn í Reykjavík), bæjar- og héraðsbókasöfn, héraðsbókasöfn, hrepps- og bókasöfn í sjúkrahúsum, hælum, vistheimilum og fangahúsum.

3. gr.

Landið skiptist í bókasafnsumdæmi.

Bæjarbókasöfn starfa í kaupstöðum og skulu hafa útibú í bæjarhverfum eftir ástæðum.

Bæjar- og héraðsbókasöfn starfa í kaupstöðum en rækja jafnframt bókasafnsþjónustu í byggðunum í kring. Héraðsbókasöfn eru aðalsöfn hvert í sínu umdæmi og skulu vera sem næst miðsvæðis.

Bókasafnsumdæmi skulu ákveðin í reglugerð, svo og aðsetur héraðsbókasafna.

4. gr.

Hreppsboðkasöfn starfa í þeim hreppum þar sem héraðsbókasöfn eru ekki. Í hverjum hreppi skal vera bókasafnsþjónusta en heimilt er að fela héraðsbókasafni að annast þessa þjónustu gegn lögboðnu fjárframlagi. Einnig geta tveir eða fleiri hreppar sameinast um rekstur bókasafns ef um það næst samkomulag.

5. gr.

Heimilt er að sameina almenningsbókasafn og skólasafn og reka sameiginlega ef forráðamenn beggja telja slíkt æskilegt og menntamálaráðuneytið samþykkir.

6. gr.

Í öllum sjúkrahúsum landsins, hælum vistheimilum og fangahúsum skal vera bókasafn kostað og rekið af viðkomandi stofnun.

Heimilt er að fela almenningsbókasafni í byggðarlaginu þessa þjónustu enda greiði stofnunin hæfilega þóknun fyrir að mati viðkomandi aðila. Nánari ákvæði um búnað og starfsemi þessara bókasafna skulu sett í reglugerð.

7. gr.

Almenningsbókasöfn eru rekin af sveitarfélögum og kjósa sveitarstjórnir bókasafnsstjórnir. Þó er heimilt að gömul lestrarfélög starfi áfram á svipuðum grundvelli og verið hefur og í samráði við hreppsnefndir.

8. gr.

Lágmarksfjárframlög sveitarfélaga til rekstrar almenningsbókasafna skulu vera sem hér segir:

- a) Til bæjarbókasafns greiðir bæjarsjóður kr. 1000 á hvern íbúa kaupstaðarins.
- b) Til bæjar- og héraðsbókasafns greiðir bæjarsjóður kr. 1000 á hvern íbúa kaupstaðarins. Önnur sveitarfélög í umdæminu greiða kr. 100 á hvern íbúa og stendur sýslusjóður skil á þessari greiðslu.
- c) Til héraðsbókasafns greiðir sveitarsjóður, þar sem safnið er, kr. 1000 á hvern íbúa hreppsfélagsins. Önnur sveitarfélög í umdæminu greiða til safnsins kr. 100 á hvern íbúa og stendur sýslusjóður skil á þessari greiðslu.
- d) Til hreppsboðkasafns greiðir viðkomandi hreppssjóður (hreppssjóðir) kr. 750 á hvern íbúa hreppsins (hreppanna).

Þessi lágmarksfjárframlög sveitarfélaga skulu endurskoðuð árlega og færð til samræmis við verðlag í landinu samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands.

9. gr.

Ríkissjóður greiðir rekstrarframlag til almenningsbókasafna. Skal það nema þriðjungur af lögboðnum rekstrarfjárframlögum sveitarfélaga, sbr. 8. gr., samkvæmt skýrslum síðasta árs frá söfnunum og manntali.

Heimilt er að verja árlega allt að 3% af heildarframlagi ríkis til sameiginlegra þarfa í þágu safnanna samkvæmt ákvörðun menntamálaráðuneytis hverju sinni.

10. gr.

Sveitarfélög skulu reisa bókhlöður og búa þær nauðsynlegum húsbúnaði og tækjum. Heimilt er að kaupa eða leigja húsnæði fyrir söfnin. Ríkissjóður greiðir helming byggingar- og húsbúnaðarkostnaðar bókhlöðu eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum enda hafi áætlanir og teikningar verið samþykktar af menntamálaráðuneyti, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

11. gr.

Menntamálaráðuneyti fer með málefni almenningsbókasafna. Sérstakur fulltrúi í ráðuneyti annast málefni safnanna. Nánari ákvæði um starfssvið hans má setja í erindisbréfi. Til ráðgjafar um málefni safnanna skulu vera tveir fulltrúar, annar tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og hinn af Bókavarðafélagi Íslands til fjögurra ára í senn.

12. gr.

Ríkissjóður greiðir árlega 12 milljónir króna í Rithöfundasjóð Íslands fyrir afnot bóka íslenskra höfunda í þeim söfnum sem þessi lög gilda um. Þessi fjárhæð skal endurskoðuð árlega til samræmis við verðlag, sbr. 8. gr.

Sérstaka reglugerð skal setja um Rithöfundasjóð Íslands í samráði við Rithöfundasamband Íslands.

13. gr.

Menntamálaráðuneyti setur reglugerð um starfsemi almenningsbókasafna. Skal þar kveðið á um húsnæði, búnað, ráðningu bókavarða og starfsfólks, kosningu bókasafnsstjórna, skipulag og framkvæmd bókasafnsþjónustu í dreifbýli o. s. frv. Áður en reglugerðin er gefin út skal hún send stjórnnum Sambands íslenskra sveitarfélaga og Bókavarðafélags Íslands til umsagnar.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1976. Um leið falla úr gildi lög nr. 22/1963 um almenningsbókasöfn og önnur ákvæði er kunna að brjóta í bága við þessi lög.

Ákvæðin um fjárframlög koma til framkvæmda á þremur árum frá gildistöku laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samhljóða frv. var lagt fyrir 96. löggjafarþing er varð eigi útrætt. Fylgdi því svofelld greinargerð:

„Fyrir Alþingi 1974 (94. löggjafarþing) var lagt frumvarp til laga um almenningsbókasöfn en varð eigi útrætt.

Þetta frv. miðar að því að sett verði um almenningsbókasöfn rammalöggjöf en um framkvæmdaatriði nánari ákvæði í reglugerð. Núgildandi lög nr. 22/1963 eru úrelt hvað fjárframlög varðar og hefur það mjög háð bókasafnsstarfsemi að undanfögnu, sérstaklega í hinum dreifðu byggðum og kaupúnum.

Um 1. gr.

Það hefur komið í ljós á síðustu árum og áratugum hér á landi að almenningsbókasöfn hafa sífellt þýðingarmeira hlutverki að gegna í þjóðfélaginu. Aukið þéttbýli og breyttir lifnaðarhættir gera bókasöfn enn nauðsynlegri en áður var. Bókakostur æ fleiri heimila verður rýrari vegna hækkanði bókaverðs og kaupa á dýrum fjölmíðlunartækjum og gögnum, svo sem útvarpi og sjónvarpi, tónflutningstækjum og plötum og nýsigögnum af ýmsum gerðum. Bókasöfnin verða því að sjá upp-vaxandi kynslóð og öllum almenningi fyrir bókum ef lestrarvenjur þjóðarinnar

eiga að haldast í horfinu. Það verður að verulegu leyti þeirra hlutverk að fullnægja lestrarþörf og lestrarþrá ungra og gamalla. Jafnframt hljóta þau að verða í sífellt meira mæli upplýsingamiðstöðvar fólks í leit að margvíslegum tómstundaverkefnum, bæði í fræðsluskyni og til dægradvalar.

Fyrsta grein frv. markar verksvið almenningsbókasafna og mun þróun og umsvif hvers safns að sjálfsögðu fara eftir aðstæðum og ástæðum á hverjum stað og tíma.

Um 2. og 3. gr.

Í frv. eru almenningsbókasöfn flokkuð í samræmi við gildandi lög. Ráðandi stefna á undanförunum árum hefur verið sú að efla héraðsbókasöfnin svo að þau verði fær um að annast bókasafnsþjónustu í dreifbýli í vaxandi mæli. Þessi starfsemi hefur reynst heilladrjúg þar sem söfnin eru einhvers megnug og ber að flýta þessari þróun eftir mætti. Sum héraðsbókasöfn hafa þegar reynst þessu hlutverki vaxin og er nauðsynlegt að renna styrkari fjárhagsstoðum undir starfsemi þeirra.

Bókasafnsumdæmi þurfa ekki endilega að vera háð sýslu- eða hreppamörkum og því er eðlilegt að kveða á um mörk í reglugerð fremur en lögum, ekki síst þar sem gera má ráð fyrir að þeim þurfi að breyta við og við í samráði við heimamenn.

Um 4. gr.

Á landinu eru nú starfandi 150—160 lestrarfélög og hrepps-bókasöfn. Eru mörg þeirra gömul og gróin en önnur á fallanda fæti. Augljóst er að þessum litlu söfnum mun fækka á komandi árum við breyttar aðstæður, samgöngubætur og byggðaþróun. Greininni er ætlað að gera þessa þróun auðveldari.

Um 5. gr.

Í grunnskólalögum nr. 63/1974, 72. gr., er gert ráð fyrir sameiningu og samvinnu skólasafna og almenningsbókasafna. Í nokkrum sveitarfélögum er þegar farið að athuga þessa skipan mála og sjálfsgagt að hafa þetta ákvæði einnig í þessum lögum. Hins vegar þarf um þetta samstarf — eða sameign — sérsamning við mismunandi aðstæður í hverri byggð fyrir sig.

Um 6. gr.

Bókasöfn eru sjálfsögð í öllum sjúkrahúsum, hælum, vistheimilum og fanga-húsum. Með þeim á að reikna í skipulagi og rekstri stofnunarinnar. Hins vegar kemur til greina að almenningsbókasafn í byggðinni annist þessa þjónustu, annað hvort að einhverju eða öllu leyti. En um þá starfsemi verða þá að gilda ákveðin **fyrirmæli og samningar**. Sömu leiðis er þörf á nánari ákvæðum um þessi söfn í reglugerð.

Um 7. gr.

Sveitarfélög reka bókasöfnin og fara með stjórn þeirra. Samt hefur það tíðkast frá öndverðu að sérstök lestrarfélög, stofnuð af ungmennafélögum og fleiri áhuga-mannahópum, reki söfn og séu í rauninni eigendur þeirra. Ekki þykir rétt að kippa fótum undan þessari tilhögun á rekstri safnanna þó að hreppsnefndir hljóti að sjálfsögðu að bera ábyrgð á starfseminni.

Um 8., 9. og 10. gr.

Reynt hefur verið að hafa útreikninga á framlögum til rekstrar safnanna glögga og auðvelða í framkvæmd. Deila má að sjálfsögðu um fjárhæðir en trauðla mun unnt að reka nútíma bókasöfn fyrir minna fé en hér er gert ráð fyrir. Reynsla af núgildandi lögum hefur sannað að nauðsynlegt er að endurskoða þessi fjárframlög árlega og færa til samræmis við verðlag í landinu. Sveitarfélögin eiga og reka

söfnin en gert er ráð fyrir að ríkið leggi þeim ákveðið rekstrarframlag eða styrk. Er það eðlilegt meðan söfnin eru að þróast og eflast.

Sama máli gegnir um bóklöðubýggingar. Þó að þær teljist eign sveitarfélaga og þeim beri því að hafa forgöngu um að reisa þær er rétt að ríkissjóður stuðli að byggingu þeirra með ákveðnu stofnframlagi svo sem gildir um skóla, íþróttamannvirki og félagsheimili. Almenningsur á frjálsan aðgang að þessum menningarstofnunum og þær munu á komandi tímum gegna æ þýðingarmeira hlutverki, m. a. í fullorðinsfræðslu og tómstundaiðju.

Rétt þykir að tengja sýslusjóði við rekstur og uppbyggingu safnanna. Á undanförnum árum hafa sumar sýslunefndir reynt héraðsbókasöfnum miklir máttarstólpar og allvíða eru sýslur eignaraðilar að góðum söfnum og bóklöðum.

Reynslan hefur sýnt að stundum er nauðsynlegt að hafa viss fjárráð til heildaráttaka fyrir öll söfn í landinu. Því er lagt til að heimilt sé að taka allt að 3% af ríkisframlagi til sameiginlegs verkefnis ef þurfa þykir. Þessa mun lítið gæta í framlögum til einstakra safna en getur orðið bókasafnsþjónustunni í landinu til ómetanlegs gagns. Þessu til stuðnings má benda á útgáfu Flokkunarkerfis fyrir íslensk bókasöfn, námskeið og nýstofnaða skráningarmiðstöð.

Um 11. gr.

Bókafulltrúi ríkisins var með fyrstu lögum um almenningsbókasöfn frá 1955 fulltrúi í Fræðslumálaskrifstofu. Með lagabreytingu 1963 varð hann sjálfstæður embættismaður með aðsetri á Fræðslumálaskrifstofu en síðustu árin hefur hann verið starfsmaður menntamálaráðuneytisins. Þar sem þessi skipan reynist vel er talið sjálfsagt að tilsjónarmaður með almenningsbókasöfnum sé starfsmaður ráðuneytisins. Þá er eðlilegt að fulltrúi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og annar frá Bókavarðafélagi Íslands sé til ráðuneytis um málefni safnanna enda hafa ákvæði um slíkar samstarfsnefndir verið tekin í fleiri lög, svo sem grunnskólalög og lög um menntaskóla.

Um 12. gr.

Hér er lagt til að ríkissjóður standi einn undir greiðslum til rithöfunda vegna afnota af bókum þeirra í almenningsbókasöfnum. Getur það þá talist viðbótarframlag til safnanna. Eðlilegt er að ákvæði um stjórn Rithöfundasjóðs Íslands, úthlutun úr honum og starfshætti séu reglugerðaratriði enda eru þau á hverjum tíma samningamál milli ríkisvalds og rithöfundasamtaka.

Um 13. gr.

Þar sem hér er um frv. að rammalöggjöf að ræða er nauðsynlegt að gera ráð fyrir reglugerð samkvæmt lögnum þar sem m. a. sé kveðið á um innri starfsemi, starfsfólk, húsnæði og búnað. Rétt þykir að reglugerðin sé borin undir þá aðila sem mikinn hlut eiga að máli, þ.e. stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga og stjórn Bókavarðafélags Íslands.

Um 14. gr.

Vegna þess hve úrelt löggin um almenningsbókasöfn eru er mikill munur á ákvæðum þeirra um fjárframlög og þessa frv. Því þykir rétt að nokkur aðlögunartími sé um gildistöku ákvæðanna um fjárframlög. Verði frv. að lögum á yfirstandandi þingi verða 3 ár til stefnu um gildistöku fjárframlaga að fullu. Ætli það að vera viðunanlegt fyrir alla aðila. Mestu máli skiptir að hið bráðasta sé mörkuð ákveðin stefna um framtíðargrundvöll íslenskra almenningsbókasafna.

Um áætlaðan rekstrarkostnað samkvæmt frv. vísast til fskj.“

Fylgiskjal.**Rekstrarfjárframlög samkvæmt frv. um almenningabókasöfn**

(í þús. kr.)

(Miðað við manntal 1. des. 1974)

Bæjar- og héraðsbókasöfn	Bæjar- eða hreppsfél.	Sýsla	Ríki	Samt.
Grindavík	1 598		533	2 131
Keflavík	6 097	410	2 169	8 676
Hafnarfjörður	11 394	422	3 939	15 755
Kópavogur	11 941		3 980	15 921
Reykjavík	84 642		28 214	112 856
Seltjarnarnes	2 476		825	3 301
Hlégarður	1 441	48	496	1 985
Akranes	4 490	55	1 515	6 060
Borgarnes	1 287	186	491	1 964
Stykkishólmur	1 123	332	483	1 938
Búðardalur	390	78	156	624
Reykhólar	198	26	75	299
Patreksfjörður	1 008	97	368	1 473
Flateyri	418	127	182	727
Bolungarvík	1 018		339	1 357
Ísafjörður	3 045	58	1 033	4 136
Hólmavík	343	83	142	568
Hvammstangi	396	102	166	664
Blönduós	798	164	317	1 267
Sauðárkrókur	1 769	238	669	2 676
Siglufjörður	2 092		697	2 789
Ólafsfjörður	1 112		371	1 483
Dalvík	1 159		386	1 545
Akureyri	11 646	271	3 972	15 889
Húsavík	2 149	292	814	3 255
Leirhöfn	289	154	148	591
Egilsstaðir	861	145	335	1 341
Seyðisfjörður	926	123	350	1 399
Neskaupstaður	1 658	14	557	2 229
Eskifjörður	962	283	415	1 660
Höfn	1 170	66	412	1 648
Vík	524	84	203	811
Vestmannaeyjar	4 384		1 461	5 845
Hvolsvöllur	894	266	386	1 546
Selfoss	2 822	638	1 153	4 613
Samtals kr. 168 508		4 762	57 752	231 022
Hreppsbókasöfn öll	33 865		11 288	45 153
Fjárframlög alls	202 373	4 762	69 040	276 175
Rithöfundasjóður			12 000	
Ríkisframlag alls			81 040	